

Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2012



Efnisyfirlit

Ávarp rektors.....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands	4
Auðlindadeild	5
Umhverfiseild.....	6
Starfs- og endurmenntunardeild	7
Kennslusvið.....	9
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2012.....	11
Rannsóknasvið	13
Rekstrar- og þjónustusvið.....	17
Útgáfa.....	18
Fjármál	18
Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni	19
Starfsmenn.....	21
Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 1. júní 2012.....	23

Ávarp rektors

Áttunda starfsár Landbúnaðarháskóla Íslands var annasamt og viðburðaríkt. Hinn 4. júlí á þessu ári var undirritaður við hátíðlega athöfn í Skemmuni á Hvanneyri samningur um kennslu og rannsóknir milli ráðuneytis mennta- og menningarmála og LbhÍ. Þetta er að sjálfsögðu mikill áfangi enda hefur okkar skóli aldrei haft formlegan samning um starfsemina líkt og aðrir háskólar hafa haft. Samningurinn tekur m.a. á heildarfjölda nemenda og segir til um verkefni sem skólanum eru formlega falin og fjárframlög til þeirra. Ráðuneytið hefur þá lokið samningagerð við alla háskóla landsins en á Hvanneyri var gengið frá samningum við LbhÍ, Hólaskóla – Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri.

Margs annars mætti geta úr fjölbreyttu starfi ársins hjá LbhÍ en af handahófi mætti nefna glæsilegan styrk frá Sambandi Garðyrkjubænda til kaupa á stýribúnaði í tilraunagróðurhús LbhÍ á Reykjum; uppbyggingu Orkuseturs landbúnaðarins; og mikilvægan samning við Norðurál um flúorrannsóknir til næstu ára. Þá mætti bæta við að LbhÍ tók við verkefnum Hagþjónustu landbúnaðarins um síðustu áramót er stofnunin var lögð niður.

Þá er rétt að geta hins góða starfs sem unnið er á vegum samstarfsnets opinberu háskólanna en á þessu ári var opnað í annað sinn fyrir umsóknir um hvata- og þróunarstyrki á sviði náms og kennslu. Í gegnum þetta samstarf var LbhÍ falið að leiða starf sem miðar að því að allir íslenskir háskólar afli sér s.k. ECTS-label viðurkenningar. Á grundvelli samstarfsins og fyrir tilstyrk þess fjármagns sem stjórnvöld leggja til þess hefur nú verið komið upp mjög fullkomnum fjarfundabúnaði á starfsstöðvum LbhÍ.

Síðasta vor var sett met í fjölda útskrifaðra frá LbhÍ er 110 nemendur útskrifuðust við glæsilegar athafnir í Reykholti þann 1. júní og Hveragerði þann 2. júní. Þá útskrifuðust einnig sameiginlegir nemendur okkar og Háskólans á Hólum við hátíðlega athöfn í Miðgarði, Skagafirði þann 25. maí. Ekki má gleyma öllum þeim mikla fjölda sem lauk sínu námi frá endurmenntun LbhÍ t.a.m. úr Grænni skógum, Reiðmanninum og Sádmanninum. Útskriftarathöfn nema í Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna fór fram þann 4. október. Þess má geta að fjármögnun Landgræðsluskólans er mjög vel tryggð til framtíðar.

Nýnemar hópuðust í skólann í lok ágúst og aðsóknin var góð þó hún hafi verið misjöfn eftir námsleiðum. Áberandi mikil eftirspurn var eftir starfsmenntanáminu og voru teknir inn um 70 nemar í garðyrkju og 50 nýnemar í búfræði. Þá voru samþykktir inn 20 nýir meistaranemar. Nemendagarðar á Hvanneyri eru nú fullnýttir. Alls voru í haust 63 nemendur í framhaldsnámi við LbhÍ, þar af er 31 nemandi í rannsóknamiðuðu mastersnámi, 25 í meistaranámi í skipulagsfræði og sjö nemendur í doktorsnámi.

Óhætt er að segja að skýrsla Ríkisendurskoðunar um rekstur LbhÍ sem kom út á árinu hafi vakið nokkra athygli. Skýrslan segir einfaldlega að það sé ekki samræmi milli verkefna skólans og fjárhagsramma, byggja hafi þurft skólann upp til að gera hann að starfhæfri einingu og nemendum hafi fjölgað á sama tíma og starfsfólki hefur fækkað. Skólinn hafi ekki notið framlaga í samræmi við háskólastigið í heild á þessu tímabili. Háskólaráð LbhÍ hefur lagt á það ríka áherslu að markvisst verði brugðist við öllum ábendingum sem í skýrslunni koma fram, smáum sem stórum. Ráðið leggur áherslu á að faglega stöðu skólans verði að tryggja með öflugum og víðtæku samstarfi við stjórnvöld. Háskólaráð hefur rætt mögulegar leiðir til hagræðingar og til að lækka kostnað enn frekar. Ráðið telur leiðir til árangurs liggja í að endurskoða fyrirkomulag starfsstöðva og verkefna ásamt því að skólinn fái skilning og stuðning við varanlega hækkun fjárframlaga. Þessari bókun ráðsins hefur síðan verið fylgt eftir með greiningum á kostnaði við starfsstöðvar og mögulegum hagræðingarkostum í þeim eignum en fasteignarekstur er stór útgjaldaliður hjá LbhÍ. Þessi vinna er í fullum gangi. Markmiðið

hlýtur að vera að finna framtíðarlausn gagnvart uppsöfnuðum rekstrarhalla sem og þeirri undirfjármögnun sem LbhÍ býr við.

Nýlega kom út skýrsla Vísinda- og tækniráðs um mögulegar breytingar til einföldunar á háskóla- og stofnanakerfinu. Í skýrslunni er m.a. lagt til að annað hvort verði háskólum fækkað með sameiningum eða allir háskólarnir gerðir að sjálfseignarstofnunum. Næstu skref hljóta að vera að greina betur hver ávinningurinn er faglega og fjárhagslega af slíkum breytingum.

Rétt er að geta þess að nú liggja fyrir í drögum lagabreytingar sem snerta mjög starfsemi LbhÍ. Þar er gert ráð fyrir að lögum um opinbera háskóla verði breytt þannig að LbhÍ verði hluti af þeim lögum eins og HÍ og HA hafa verið. Frá sama tíma verði felld út lög um búnaðarfræðslu og kafli úr lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem varðar okkar starf.

Nú í lok ársins skilaði LbhÍ ítarlegri sjálfsmatsskýrslu inn til Gæðaráðs íslenskra háskóla eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Starfsmenn og nemendur LbhÍ komu með virkum hætti að gerð skýrslunnar sem er mikilvægur liður í því ferli að auka gæði starfs okkar. Skýrslan mun einnig að sjálfsögðu nýtast okkur afar vel í því starfi sem framundan er við að marka LbhÍ stefnu til næstu ára.

Ágúst Sigurðsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ásmundur Daði Einarsson, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðherra. Varamaður hans er **Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**.

Emma Eyþórsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ. Varamaður hennar er **Auður Sveinsdóttir**.

Haraldur Benediktsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Varamaður hans er **Svana Halldórsdóttir**.

Hrannar Smári Hilmarsson, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefnd af stúdentaráði.

Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er **Rögvaldur Ólafsson**.

Orri Páll Jóhannsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra. Varamaður hans er **Sigríður Jóhannesdóttir**.

Stefán Logi Haraldsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Varamaður hans er **Stefán Kalmansson**.

Þórhallur Bjarnason, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Varamaður hans er **Sigurbjartur Pálsson**.

Auðlindadeild

Viðfangsefni auðlindadeildar eru nýting landkosta og innlendra búfjárstofna til þess að framleiða matvæli og aðrar afurðir. Meginmarkmið deildarinnar eru að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 26 í árslok 2012 og inntu af hendi rúmlega 22 ársverk. Þeir búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu, m.a. á sviði erfðafræði, lífeðlisfræði, fódurfræði, grasfræði og bútækni.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni LbhÍ og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Nemendur í BS-námi á haustönn 2012 voru 44 í búvísindum og 8 í hestafræði. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og stundar vel á annan tug nemenda rannsóknatengt meistaranám. Doktorsnemar eru fimm og vinna þeir að rannsóknnum er tengjast búfé og jarðrækt.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fódrun búfjár og rannsóknnum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánú samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðamikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fódrun hámjólka kúa. Rannsóknnaaðstaða í sameindaerfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjarkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið. Á árinu hófst rannsóknaverkefni um áhrif flúors á búfé og gróður með styrk frá Norðuráli á Grundartanga.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknnum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

Á árinu 2012 voru haldnir tveir deildarfundir (nr. 16 og 17) og 6 deildarráðsfundir.

Jóhannes Sveinbjörnsson

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru meðal helstu markmiða deildarinnar. Nám í umhverfisdeild skiptist í fjórar brautir; *umhverfisskipulag* sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu; *náttúra og umhverfi* sem Björn Þorsteinsson, Hlynur Óskarsson og Ólafur Arnalds veittu forstöðu í fjarveru Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur; *landgræðsla og skógrækt* sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir og *skipulagsfræði* á MS stigi sem Sigríður Kristjánsdóttir veitir forstöðu. Undir náttúru og umhverfi er boðið upp á nám í náttúru og sögu annars vegar og þjóðgarða og verndarsvæði hins vegar.

Umhverfisskipulagsbraut vann á árinu að viðtækri endurskoðun námsins og eftirliti með gæðum þess.

Á árinu voru haldnir tveir deildarfundir (nr. 14 og 15) og 6 deildarráðsfundir (nr. 25-30), sem og einn vinnufundur deildar. Samsetningu deildarráðs var breytt á árinu og þar sitja nú brautarstjórar og 3 fulltrúar kjörnir af deildarfundi.

Í lok árs lét Auður Sveinsdóttir af störfum brautarstjóra umhverfisskipulagsins, sem hún hafði gegnt allt frá stofnun brautarinnar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (forvera LbhÍ), árið 2001. Við starfi brautarstjóra tók Helena Guttormsdóttir. Bjarni E. Guðleifsson, prófessor, lét af störfum á árinu fyrir aldurs sakir eftir langt og farsælt starf. Ragnhildur H. Jónsdóttir hóf störf við deildina, en Lilja Kristín Ólafsdóttir hóf störf á öðrum vettvangi. Í lok ársins lét Ólafur Arnalds af störfum deildarforseta, sem hann hafði gengt í 8 ár eða frá stofnun LbhÍ. Við tekur Hlynur Óskarsson. Starfsmenn deildarinnar voru 25 í lok ársins.

Nemendum við Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna, undir stjórn Hafdísar Hönnu Ægisdóttur, forstöðumanns, fjölgar smám saman og margir starfsmenn skólans kenna við skólann og sinna leiðbeiningu nemenda.

Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir viðamiklum rannsóknum á vistkerfum á nýjum hverasvæðum við starfsstöðina á Reykjum, en þetta alþjóðlega verkefni hefur fengið heitið ForHot. Orkurannsóknir hafa verið sífellt stærri hluti starfsins, en háskólinn fékk m.a. styrk frá Framleiðnisjóði í orkurannsóknir. Unnið var að rannsóknum á áhrifum flúors á umhverfið með styrk frá álverinu á Grundartanga.

Á árinu var samstarf við aðrar stofnanir treyst með ýmsum hætti, m.a. var haldinn var fjölmennur fundur með starfsmönnum Veðurstofu Íslands.

Ólafur Arnalds

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrúðgarðyrkju og ylrækt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2012 stunduðu alls 50 nemendur nám í garðyrkju (í staðar- eða fjarnámi) og í búfræði voru alls 60 staðarnemendur og 22 fjarnemar. Í byrjun júní voru 35 nemendur brautskráðir úr búfræði og úr garðyrkju fengu 3 fullnaðarútskrift og 21 fékk afhent námsferilsyfirlit (þ.e. hafa lokið bóknámi en eiga eftir að ljúka verknámi).

Mikil aðsókn var í nám á starfsmenntabrautum LbhÍ haustið 2012. Yfir 70 umsóknir bárust í búfræði og voru teknir inn alls 50 nemendur, þar af 10 nemendur sem áður höfðu lokið BS prófi úr búvísindum við LbhÍ. Svipaður fjöldi umsókna barst í garðyrkju og þar voru teknir inn 60 nemendur en eftir jólapróf var 51 nemandi eftir í garðyrkjunni.

Bryddað var upp á því nýnæmi á garðyrkjubrautum að í stað lokaritgerðar unnu nemendur verklegt lokaverkefni. Innihald verkefnanna var mismunandi milli brauta en endurspeglaði meginverkefni hvers fags. Nemendur unnu verkefnin sjálfstætt með lágmarksaðstoð kennara og gátu notað síðustu önnina til undirbúnings eða ræktunar. Aðalvinnan við verkefnin var á tveggja vikna tímabili í maí sem lauk með því að nemendur kynntu verkefni sín fyrir öðrum nemendum og gestum. Þessi tilraun tókst svo vel að ákveðið hefur verið að þennan hátt á við lokaverkefni garðyrkjunema.

Námsbrautarstjórar unnu að því að skilgreina hæfnikröfur starfa og lærdómsviðmið fyrir allar brautir starfsmenntanáms LbhÍ, í samvinnu við fagnefndir brautanna og starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina. Niðurstöður þessarar vinnu verða gott veganesti inn í endurskoðun námskráa garðyrkju og búfræði sem farið verður í 2013.

Starfs- og endurmenntunardeild LbhÍ tekur þátt í þróunarverkefni með Menntaskólanum í Borgarnesi um að bjóða upp á nám til stúdentsprófs af búfræðisviði. Nemendur innritast í MB og stunda þar nám í tvö ár þar sem þeir taka allar þær einingar sem annars vegar þarf til að komast inn í búfræði og hins vegar allar þær einingar sem þarf til stúdentsprófs. Að þessum tveimur árum liðnum eiga þeir nemendur, sem enn fremur hafa umtalsverða reynslu af bústörfum í sveit, kost á því að sækja um í búfræði við LbhÍ. Þegar þeir ljúka námi hjá LbhÍ útskrifast þeir annars vegar sem búfræðingar frá LbhÍ og hins vegar með stúdentspróf frá MB. Þetta verkefni hefur þegar vakið mikla athygli og hafa fleiri framhaldsskólar á landsbyggðinni sýnt áhuga á svona samstarfi.

Starfs- og endurmenntunardeild sótti um styrki til mennta- og menningarmálaráðuneytis í tvö þróunarverkefni og fékk 2 milljónir í hvort verkefni. Fyrri verkefnið er þróun námsbrautar í lífrænni ræktun matjurta, verkefnisstjóri Gunnþór K. Guðfinnsson og seinna verkefnið er þróun náms fyrir meindýraeyða, verkefnisstjóri Guðrún Lárusdóttir. Jafnframt tók deildin þátt í þriðja verkefninu í þessum dúr en það er verkefni um mat á þörf fyrir nám í skógrækt, verkefnisstjórn í höndum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Alls voru 12,3 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2012, þar af 4 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun

Endurmenntun Lbhí hélt alls 160 námskeið árið 2012 með um 2300 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin um allt land eða á 48 stöðum og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum Lbhí með einum eða öðrum hætti. Lögð hefur verið áhersla á námskeiðaraðir hjá endurmenntuninni. Árið 2012 voru alls 5 mismunandi námskeiðaraðir í boði, þ.e. Grænni skógar I og II, Reiðmaðurinn I og II og Sádmaðurinn. Alls voru 294 þátttakendur í námskeiðaröðunum, 104 í Grænni skógum I og II, 168 í Reiðmanninum I og II og 22 í Sádmanninum en þeir nemendur útskrifuðust á vordögum 2012.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið saman að því með endurmenntun Lbhí að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufraeðinga. Ýmiss konar tómsundanámskeið nutu einnig mikillar hylli á árinu, svo sem námskeið í gerð húsgagna úr skógarviði, torf- og grjóthleðsla og ostagerð, svo eitthvað sé nefnt.

Endurmenntun Lbhí tekur þátt í Leonardo verkefni, Kraftmeiri skógar, ásamt Landssamtökum skógareigenda og sænskum og dönskum aðilum. Verkefni þetta hlaut 31 milljónar króna styrk á árinu og ljóst að þetta verkefni, sem er sænskt að uppruna, verður mjög fyrirferðarmikið í starfinu næstu 2 árin.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar vel á árinu en þó urðu nokkur vonbrigði með tekjuhliðina en heildarársvelta voru 43,9 milljónir sem er umtalsverð lækkun frá árinu áður. Í byrjun árs lést Reynir Aðalsteinsson, yfirreiðkennari skólans en hann var aðal hugmyndasmiður námskeiðaraðarinnar Reiðmaðurinn. Heimir Gunnarsson var ráðinn til kennslu í hrossarækt og Reiðmanninum um mitt sumar.

Guðríður Helgadóttir

Kennslusvið

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi háskólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Starfsmenn á kennslusviði 2012 voru þessir:

Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri
 Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála – yfirmaður kennslusviðs
 Elín Kristjánsdóttir (50%) náms- og starfsráðgjafi til 31.5.
 Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (75%) náms- og starfsráðgjafi kom 15.8. úr leyfi
 Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir alþjóðafulltrúi
 Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) ritari/skólafulltrúi
 Þórunn Reykdal verkefnisstjóri (50%, ECTS label)
 Edda Þorvaldsdóttir verkefnisstjóri (10% fjarnám búfræði)
 Grétar Einarsson prófgæsla (10%)

Ýmsir samningar, styrkir o.fl.

Þann 7. febrúar gerði LbhÍ samkomulag um að nemendur útskrifaðir úr náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á þjóðgarða og verndarsvæði fengju sjálfkrafa rétt til að kalla sig landverði og taka að sér störf sem slíkir.

Með bréfi 24. febrúar tilkynnti mennta og menningarmálaráðuneytið að það hefði veitt 3,6 milljónir til að undirbúa ECTS label umsóknir íslenskra háskóla. Á samráðsvettvangi háskólanna var svo ákveðið að LbhÍ riði á vaðið sem fyrsti háskólinn sem sækti um viðurkenninguna og var Þórunn Reykdal ráðinn í hlutastarf til að annast verkefnið.

Þann 9. febrúar var gerður samstarfssamningur við Háskóla Íslands um doktorsnám þar sem kveðið er á um formleg tengsl LbhÍ við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands og samvinnu skólanna um doktorsnám.

Innleiðing nýrra gagnavistunar-, kennslu- og ritstuldavarnakerfa hófst á árinu (Ugla, Moodle, og Turnitin) á vegum allra opinberra háskóla í landinu. Gagnavistunar- og upplýsingavefurinn Ugla fyrir LbhÍ var opnaður 25. júní 2012.

Þann 4. júlí gerði skólinn samning við mennta og menningarmálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir Landbúnaðarháskóla Íslands 2012-2016. Í samningnum eru ákvæði sem m.a. skilgreina fjárframlög ríkisins með tilliti til ársnemendafjölda í mismunandi námi (verðflokkum), fjölda brautskráðra nema, próftöku o.fl.

Í september ákvað mennta og menningarmálaráðuneytið að veita skólanum sérstakan styrk kr. 2.000.000 til að þróa námsbraut á starfsmenntastigi í lífrænni ræktun matjurta.

Þann 5. október var gerður samningur milli opinberra háskóla á Íslandi um samnýtingu á kennsluskyldu. Samningurinn gerir skólunum mögulegt að samnýta kennsluskyldu fastra kennara milli skóla og jafnvel standa að sameiginlegri ráðningu kennara.

Þann 17. október var gerður samstarfssamningur við Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) um tilraunakennslu náttúrufræði með búfræðisviði til stúdentsprófs þar sem allt að fimm nemendum frá MB er tryggt pláss í búfræðinámi LbhÍ, þar sem nemendur myndu útskrifast frá MB með stúdentspróf náttúrufræðibrautar af búfræðisviði.

Landbúnaðarháskóli Íslands skilaði sjálfsmatsskýrslu (Reflective analysis) í samræmi við starfsáætlun skólans og Gæðaráðs íslenskra háskóla (quality Enhancement Framework) þann 20. desember.

Skýrsluna skrifuðu aðstoðarrektorar skólans í samráði við aðra stjórnendur og akademíska starfsmenn. Megináhersla skýrslunnar er á námsreynslu nemenda við skólann þar sem sérstaklega er fjallað um stjórnáætlun, gæðakerfi, kennslu og afdrif nemenda á vinnumarkaði að námi loknu .

Innritunargjöld í háskólanámi hækkuðu úr 45.000 í 60.000 og í starfsmenntanámi úr 27.000 í 35.000 á árinu.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá 15. ágúst voru haldin á vegum námsráðgjafar Lbhí 5 námskeið í námstækni. Frá sama tíma veitti námsráðgjöf 132 viðtöl, þar af 43 um námstækni, 41 um persónuleg vandamál, 37 um námsörðugleika, 6 um mætingar og 5 um námsval.

Erlend samskipti

Lbhí tók þátt í alþjóðlegum nefndum og kennaraskiptum í gegnum *Erasmus hluta menntaáætlunar ESB*, NOVA /BOVA Nordplus Network og NORDNATUR netverkið. Auk þess tók skólinn þátt í *Leonardo hluta menntaáætlunar ESB* með samstarfsverkefnið Green E, mannaskiptaverkefnið Green Forest II og yfirfærsluverkefnið Kraftmeiri skógur.

Á vorönn 2012 fóru tveir BS nemendur á vegum ERASMUS áætlunarinnar, annar fór í hefðbundið skiptinám til Svíþjóðar en hinn í starfsþjálfun til Danmerkur.

Tveir MS nemendur fóru á vegum NOVA/BOVA Nordplus netverksins, annar í hefðbundið skiptinám til Danmerkur, hinn á hraðnámskeið sem haldið var á vegum NOVA netverksins í Finnlandi.

Á haustönn 2012 fóru tveir MS nemendur á vegum ERASMUS áætlunarinnar í hefðbundið skiptinám til Svíþjóðar.

Þrír starfsmenn fóru í vikuheimsókn til Weihenstephan í Þýskalandi á vegum ERASMUS áætlunarinnar.

Átta starfsmenn fóru utan í heimsóknir í gegnum Green E samstarfsverkefnið sem styrkt er af Leonardo áætluninni og 12 nemendur af starfsmenntabrautum í garðyrkju fóru í ferð til Póllands í gegnum þetta sama verkefni.

Árið 2012 fékkst styrkur í gegnum Leonardo áætlunina til að senda hóp nemenda úr Grænni skógum II í námsferð til Danmerkur og fór 15 manna hópur í lok október í þá ferð.

Einnig fékkst styrkur frá Leonardo áætluninni í yfirfærsluverkefnið Kraftmeiri skógur sem unnið er í nánú samstarfi við Landssamtök skógareigenda á Íslandi, Kaupmannahafnarháskóla og Landssamtök skógareigenda í Svíþjóð. Norvik ehf er einnig samstarfsaðili í þessu verkefni. Þetta verkefni byrjaði í október 2012 og í lok árs var búið að halda einn fund á Íslandi en m.a. er stefnt að því að senda nemendur og kennara utan árið 2013.

Til Lbhí kom einn BS nemandi frá Þýskalandi í gegnum ERASMUS áætlunina.

Áfram er unnið að því að fjölga tvíhliða samningum við skóla í Evrópu í gegnum ERASMUS áætlunina og nýta enn betur þá samninga sem fyrir eru.

Stefnt er að því að hingað komi hópur nemenda frá Ohio State University sumarið 2013. Unnið er að því að koma á öflugra samstarfi sem er virkt í báðar áttir en hingað til hafa einungis nemendur frá Ohio komið til Lbhí en engir farið hédan. Aðkoma Lbhí nemenda hefur verið með því móti að meistaranemi hefur fylgt hópnum meðan hann er hér á landi.

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2012

Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi	
Alda Laufey Haraldsdóttir	Búfræði
Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir	Búfræði
Axel Sigurðsson	Búfræði
Birgir Freyr Ragnarsson	Búfræði
Breki Atlason	Búfræði
Elín Eyjólfsdóttir	Búfræði
Eyþór Hólm Sigurðsson	Búfræði
Freyr Andrésson	Búfræði
Henný Hrund Jóhannsdóttir	Búfræði
Hrafnhildur T Halldórsdóttir	Búfræði
Jóhanna María Sigmundsdóttir	Búfræði
Kjartan Guðjónsson	Búfræði
Kristján Finnbogason	Búfræði
Lilja Finnbogadóttir	Búfræði
Magnús Ingimarsson	Búfræði
Oddur Ólafsson	Búfræði
Óli Stefánsson	Búfræði
Rúnar Aðalbjörn Pétursson	Búfræði
Rúnar Geir Ólafsson	Búfræði
Sigurður Hannes Sigurðsson	Búfræði
Sigurður Snorri Gunnarsson	Búfræði
Sindri Fannar Sigurbjörnsson	Búfræði
Sveinn Óli Friðriksson	Búfræði
Sverrir Guðmundur Guðmundsson	Búfræði
Sæunn Káradóttir	Búfræði
Þormar Ellert Jóhannsson	Búfræði
Þorvaldur Ingi Árnason	Búfræði
Örvar Egill Kolbeinsson	Búfræði
Ólafur Þórisson	Búfræði - fjarnám
Ragnheiður Kristjánsdóttir	Búfræði - fjarnám
Renate Janine Kemnitz	Búfræði - fjarnám
Sigríður Svavarsdóttir	Búfræði - fjarnám
Sigrún Jóna Jónsdóttir	Búfræði - fjarnám
Sindri Gíslason	Búfræði - fjarnám
Þóra Margrét Lúthersdóttir	Búfræði - fjarnám
Bergur Þór Björnsson	Skógur og umhverfi
Elín Halla Þórhallsdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
Hjalti Már Brynjarsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Sigurbjörn Hlöðver Jóhannsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Snjólfur Eiríksson	Skrúðgarðyrkjubraut

Háskólanám	Árni Beinteinn Erlingsson	BS	Búvísindi
	Ásta Þorsteinsdóttir	BS	Búvísindi
	Birna Rún Ragnarsdóttir	BS	Búvísindi
	Birna Tryggvadóttir Thorlacius	BS	Búvísindi
	Egill Gunnarsson	BS	Búvísindi
	Guðrún Bára Sverrisdóttir	BS	Búvísindi
	Halldór Arnar Árnason	BS	Búvísindi
	Helgi Elí Hálfðánarson	BS	Búvísindi
	Helgi Eyleifur Þorvaldsson	BS	Búvísindi
	Hulda Jónsdóttir	BS	Búvísindi
	Lilja Dögg Guðnadóttir	BS	Búvísindi
	Lilja Rún Bjarnadóttir	BS	Búvísindi
	Sara María Davíðsdóttir	BS	Búvísindi
	Snædís Anna Þórhallsdóttir	BS	Búvísindi
	Tryggvi Höskuldsson	BS	Búvísindi
	Kristbjörn H Steinarsson	BS	Búvísindi
	Hallfríður Ósk Ólafsdóttir	MS	Búvísindi
	Sigríður Ólafsdóttir	MS	Búvísindi
	Carmen Yvonne Kull	BS	Hestafræði
	Franziska Maria Kopf	BS	Hestafræði
	Heiðrún Sigurðardóttir	BS	Hestafræði
	Helga Karlsdóttir	BS	Hestafræði
	Herdís Magna Gunnarsdóttir	BS	Hestafræði
	Hólmfríður Kristjánsdóttir	BS	Hestafræði
	Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir	BS	Hestafræði
	Salbjörg Matthíasdóttir	BS	Hestafræði
	Eydís Ósk Indriðadóttir	BS	Hestafræði
	Linda Karen Gunnarsdóttir	BS	Hestafræði
	Sigríður Guðbjartsdóttir	BS	Hestafræði
	Stella Guðrún Ellertsdóttir	BS	Hestafræði
	Snorri Þorsteinsson	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Helga Lucie Andrée Káradóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Þjóðgarðar og verndarsvæði
	Sunna Áskelsdóttir	MS	Náttúra- og umhverfisfræði
	Egill Þórarinnsson	MS	Skipulagsfræði
	Hlynur Torfi Torfason	MS	Skipulagsfræði
	Guðrún Óskarsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Landgræðsla
	Þórveig Jóhannsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Atli Freyr Ríkharðsson	BS	Umhverfisskipulag
	Auður Svanhvít Sigurðardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
Erla Þórðardóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Eygló Kristjánsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Gísli Rafn Guðmundsson	BS	Umhverfisskipulag	
Gunnar Ágústsson	BS	Umhverfisskipulag	
Hallfríður Guðmundsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Helga Kristín Hermannsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Íris Stefánsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
María Lísbet Ólafsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Ólafur Gylfi Gylfason	BS	Umhverfisskipulag	
Perla Sigurðardóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Rósa Hlín Sigfúsdóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Sigríður Hrud Símónardóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Sjöfn Ýr Hjartardóttir	BS	Umhverfisskipulag	
Steinn Jóhann Randversson	BS	Umhverfisskipulag	

Rannsóknasvið

Haustið 2012 voru akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 43, af 96 starfsmönnum á launaskrá, í rúmlega 39 stöðugildum eða um 44% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Prófessorar voru 9, dósentar 6 og lektorar 14. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Aðrir akademískir starfsmenn voru 11 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Tæpur helmingur akademískra starfsmanna er með doktorspróf.


1. tafla. Akademískir starfsmenn við LbhÍ í árslok 2012 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Prófessorar (ásamt rektor)			9	9	100%
Dósentar	1	1	4	6	67%
Lektorar	2	9	3	14	21%
Fastráðnir stundakennarar	1	2	-	3	0
Aðrir akademískir starfsmenn	4	4	3	11	27%
Samtals	8	16	19	43	
Hlutfall	19%	37%	44%		

Skólinn er með sérstakan samning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2009-2012. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í sex meginflokka sem eru Frumframleiðsla og fæðuöryggi, Garðyrkja, Byggðapróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.

Síðustu ár hefur rannsóknastarf skólans mótast af því að tekjur til rannsókna hafa dregist umtalsvert saman. Niðurskurður á fjárlögum er farinn að bíta svo um munar og kemur skerðingin fyrst og fremst fram á rannsóknahlutanum því skólinn verður að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart nemendum sínum. Eins hefur ekki verið samræmi í fjárveitingum hins opinbera og fjölda nemenda við skólann. Frá 2005 til 2011 jókst framlag af fjárlögum til skólans um 36,3% en nemendum fjölgaði um 52,4%. Sambærilegar tölur fyrir Háskóla Íslands eru 72 og 23%. Það er því greinilegt að þessar tvær menntastofnanir, sem auk þess er ætlað veigamikilið rannsóknahlutverk, sitja ekki við sama borð. Einnig hafa sértekjumöguleikar dregist mikið saman og munar þar mestu um framlög úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem nú eru einungis um 20% af því sem var 2008 (1. mynd). Hann hefur nánast enga styrki veitt síðastliðin tvö ár og hafa rannsóknir, einkum á sviði hefðbundins landbúnaðar, liðið fyrir það. Síðan má nefna að samkeppni er mikil um fjárveitingar úr Rannsóknasjóði en hann hefur dregist saman um 23% frá 2008 til 2012.




1. mynd. Sértekjur LbhÍ 2009-2012 og breyting milli ára.

Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 650 milljónir kr. á árinu 2012. Skólinn fékk 156,1 milljón kr. í gegnum samninginn við ANR. Því til viðbótar voru sértekjur 75,5 milljónir kr. (2. tafla). Þar af komu um 9 milljónir kr. frá ANR þar sem skólanum var falið að sjá um úrvinnslu á búeikningum sem áður hafði verið á könnu Hagþjónustu landbúnaðarins en stofnunin var lögð niður í lok árs 2011. Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans. Stærstu málaflokkarnir eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi* og *Umhverfisarannsóknir* en *Garðyrkja* hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hafa rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

2. tafla. Sértekjur LbhÍ árið 2012.	Millj. kr.
Frumframleiðsla og fæðuöryggi	22,3
Garðyrkja	14,8
Byggðaðpróun og nýsköpun	3,5
Skógrækt og landgræðsla	2,2
Umhverfisarannsóknir	23,7
Hagfræði	9,1
Samtals	75,5

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð [hér](#).

Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og þar hafa birst um 15 greinar á ári undanfarin ár (2. mynd). Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar LbhÍ.



2. mynd. Fjöldi ritrýndra greina eftir fræðaflokkum 2006-2012.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans. Haustið 2012 voru 7 doktorsnemar skráðir við skólann og meistaranemar voru samtals 54 (3. tafla). Á síðustu fjórum árum hafa 20 nemendur útskrifast með meistaragráðu, þar af fimm árið 2012, og einn nemandi útskrifaðist með doktorsgráðu 2011 – sá fyrsti í sögu skólans.

3. tafla. Fjöldi nemenda á framhaldsstigi – skráðir og útskrifaðir					
	Framhaldsnemar haust 2012	Útskrifaðir			
		2009	2010	2011	2012
M.Sc.	54	4	6	5	5
Ph.D.	7	-	-	1	-

Helstu rannsóknarverkefni í gangi

Frumframleiðsla og fæðuöryggi

Sjálfbær nýting erfðaaauðlinda

- Kynbætur hvítmára (samstarf við Graminor)
- Kynbætur byggrykja með hefðbundnum aðferðum
- PPP bygg
- PPP rýgresi
- NOFOCGRAN
- *In situ* varðveisla erfðaeftnis í gömlum túnum
- Afkvæmarannsóknir á Hesti
- Uppruni íslenska hestsins
- Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenskum landnámsheimum
- Kynbótamat búfjár (BLUP-útreikningar fyrir BÍ)
- Kynbótamat bleikju
- Tengsl byggingar og hæfileika ísl.hrossa

Hringrás næringarefna

- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)
- Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum
- Efnagreiningar á mykju
- Nýting búfjáraáburðar á sauðfjárþúum
- Innleiðing og þróun Norfor-fóðurmatskerfis fyrir mjólkurkúr – í samvinnu við BÍ

Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðsluferfi

- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
- Grasræktartilraunir og yrkisprófanir
- Vestnorrænar yrkisprófanir
- Vöxtur og þroski kvígna
- Markvissar fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda

Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir

- Júgurhreysti
- Fóðrun áa
- Húsvist í fjárhúsum á Íslandi
- Bygg til mannelis
- Dauðfæddir kálfar

Garðyrkja

- Áhrif lýsingar á ræktun tómatu í ylraekt
- Ræktunartækni við berjaframleiðslu
- Yndisgróður
- Skjólbeltarannsóknir
- Yrkisprófanir fyrir golfflatargrös
- Upphitun golfvalla

Byggðabróun og nýsköpun

- Olíufrærækt
- Nýting lífræns úrgangs til orkuframleiðslu
- Eldsneyti úr innlendu hráefni
- Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu
- Ferðamannastaðir, skipulag, sjónræn áhrif
- Búsetulandslandslag á norðurslóð
- Nýjar ræktarplöntur
- Borgarskógrækt

Skógrækt og landgræðsla

- Erfðabreytileiki asparryðs
- Þróun vistkerfa við landgræðslu
- Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum
- Notkun svarðlags vegna uppgræðslu
- Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
- Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgr. á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag
- Landbætur á sandsvæðum
- Vistheimt á Norðurlöndum
- Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)
- Áhrif skógræktar á lekt C-sambanda, N og P með afrennsli

Umhverfisrannsóknir

- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabila í ofhitnun jarðstrengja
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun í Surtsey
- Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
- Langtímaumhverfisvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
- Sinubruni á Mýrum
- Mýrlendi á norðurslóðum
- Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
- Álkol – samstarf við Alcan um endurheimt votlendis
- Endurheimt vatna
- Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
- Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf

Hagfræði

- Byggðamál vegna ESB
- Hagrænar upplýsingar um íslenskan landbúnað
- Skýrsla um íslenskan landbúnað (fyrir SLR)

Rekstrar- og þjónustusvið

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Grímshagi ehf er alfarið í eigu skólans og rekur búin á Hvanneyri og Hesti. Búreksturinn samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er búrekstur leigður til Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Aðstaða er til jarðræktarrannsókna og aðgengi að tilraunafjósi.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Efnagreiningastofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsóknastofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

Fjármál

Helstu viðhaldsverkefni á fasteignum skólans voru endurnýjun og breytingar á 2. hæð á Keldnaholti en það verkefni tengist nýjum samningi um útleigu húsnæðis til Veidimálastofnunar. Þá voru framkvæmdir í anddyri á Keldnaholti og gluggar málaðir á Ásgarði Hvanneyri. Unnin var húsakönnun á Reykjum og Hvanneyri í samstarfi við húsafríðunarnefnd.

Samband Garðyrkjubænda veitti myndarlegan styrk til endurnýjunar á loftslagsstýribúnaði tilrauna-gróðurhúss á Reykjum, nýi búnaðurinn var tekinn í notkun í ágúst og eykur hann mjög möguleika og gæði í tilraunastarfi skólans á sviði ylræktar.

Á miðju ári sögðu Möðruvellir ehf upp samningi við Lbhí um búrekstur á Möðruvöllum. Rekstri kúabús sem undanfarna áratugi hefur verið meginþungi starfsins á Möðruvöllum er þar með lokið en samningar hafa verið gerðir við nágrannabændur um nýtingu slægna og útihúsa.

Rekstur Lbhí breyttist lítið á milli ára, launakostnaður var 665 mkr. og hækkaði um 2,4% sem skýrist af kjarasamningum ársins 2012. Rekstrarkostnaður var 474,1 mkr sem er 0,5% hækkun milli ára. Sértekjur hækkuðu hins vegar um 3,7% milli ára og voru 515,8 mkr og munar þar mest um tekjur vegna nýrra verkefna sem fjármögnuð eru úr Leonardo áætlun ESB.

Tap fyrir afskriftir er 51,8 mkr. Afskriftir vegna niðurfærslu á eignarhluta í Grímshaga ehf eru 32 mkr. og niðurstaða rekstrar að teknu tilliti til þeirra 83,8 mkr.

Lykiltölur úr rekstri Landbúnaðarháskóla Íslands		
Þús. kr.		
	2012	2011
Laun	-665.045	-649.869
Rekstrarkostnaður	-474.145	-472.022
Afskriftir	-32.000	
Gjöld samtals	-1.171.190	-1.121.891
Sértekjur	515.751	497.557
Fjárheimildir	571.600	547.560
Afgangur / -hali	-83.839	-76.774

Útgáfa

Rit Lbhí nr. 42. Blöndun á hyrndu og kollóttu fé - könnun á blendingsþrótti. Oddný Steina Valsdóttir, Jón Viðar Jónmundsson og Emma Eyþórsdóttir, 2012, 18 bls.

Rit Lbhí nr. 41. Jarðræktarrannsóknir 2011. Ritstjóri Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2012, 33 bls.

Rit Lbhí nr. 40. Effects of lighting time and light intensity on growth, yield and quality of greenhouse tomato. Christina M. Stadler 2012, 49 bls.

Rit Lbhí nr. 39. Þúfurnar á Mosfellsheiði. Ólafur Arnalds og Matthildur Sigurjónsdóttir[†], 2012, 15 bls.

Rit Lbhí nr. 38. Yrkjaprófun á útiræktuðu grænmeti – Korpu og Flúðum 2010 og 2011. Lokaskýrsla. Jónatan Hermannsson, Þórdís Anna Kristjánsdóttir, Christina Stadler og Valur N. Gunnlaugsson, 2012, 36 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir

Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni

Aradottir, A.L. 2012. Turf transplants for restoration of alpine vegetation: does size matter? *Journal of Applied Ecology*, 49, 439–446.

Rosemary P. Collins, **Aslaug Helgadóttir**, Bodil E. Frankow-Lindberg, Leif Skot, Charlotte Jones, Kirsten P. Skot 2012. Temporal changes in population genetic diversity and structure in red and white clover grown in three contrasting environments in northern Europe. *Annals of Botany*, 110, 1341-1350.

Emma Eypórsdóttir 2012. Growth and carcass characteristics of Icelandic lambs - a review. *Icelandic Agricultural Sciences*, 25, 59-66.

Elsa Albertsdóttir, Þorvaldur Árnason, S. Eriksson, Ágúst Sigurdsson, W.F. Fikse 2012. Effects of integrated genetic evaluations for Icelandic horses on predictive ability, accuracy and selection bias. *Journal of Animal Breeding and Genetics*, 129, 41-49.

Aamlid, T.S., **Gudni Thorvaldsson**, Enger, F. & Pettersen T. 2012. Turfgrass species and varieties for integrated pest management of Scandinavian putting greens. *Acta Agriculturae Scandinavica, Section B – Soil & Plant Science*, 62 (supplement 1), 10-23.

Sarah C. Elmendorf, Gregory H. R. Henry, Robert D. Hollister, Robert G. Björk, Anne D. Bjorkman, Terry V. Callaghan, Laura Siegwart Collier, Elisabeth J. Cooper, Johannes H. C. Cornelissen, Thomas A. Day, Anna Maria Fosaa, William A. Gould, **Járngerður Grétarsdóttir**, John Harte, Luise Hermanutz, David S. Hik, Annika Hofgaard, Frith Jarrad, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Frida Keuper, Kari Klanderud, Julia A. Klein, Saewan Koh, Gaku Kudo, Simone I. Lang, Val Loewen, Jeremy L. May, Joel Mercado, Anders Michelsen, Ulf Molau, Isla H. Myers-Smith, Steven F. Oberbauer, Sara Pieper, Eric Post, Christian Rixen, Clare H. Robinson, Niels Martin Schmidt, Gaius R. Shaver, Anna Stenström, Anne Tolvanen, Ørjan Totland, Tiffany Troxler, Carl-Henrik Wahren, Patrick J. Webber, Jeffery M. Welker and Philip A. Wookey 2012. Global assessment of experimental climate warming on tundra vegetation: heterogeneity over space and time 2012. *Ecology Letters*, 15, 164–175.

Stefansson T.S., Serenius M. and **Jón Hallsteinn Hallsson** 2012. Analysis of the genetic diversity of Icelandic populations of two barley leaf pathogens, *Rhynchosporium secalis* and *Pyrenophora teres*. *European Journal of Plant Pathology*, 132, 167-180.

Magnus Göransson, Sigríður Dalmannsdóttir, Þordís A. Kristjánsdóttir and Áslaug Helgadóttir 2012. Genetic shift in white clover (*Trifolium repens* L.) after natural selection in a marginal area. *Icelandic Agricultural Sciences*, 25, 41-50.

Thorsteinn Saemundsson, **Ólafur Arnalds**, Christof Kneisel, Helgi Pall Jonsson, Armelle Decaulne 2012. The Orravatnstrustir palsa site in Central Iceland – Palsas in an aeolian sedimentation environment. *Geomorphology*, 167-168, 13-20.

Birgir V. Óskarsson, Morten S. Riishuus, **Ólafur Arnalds** 2012. Climate-dependent chemical weathering of volcanic soils in Iceland. *Geoderma*, 189-190, 635-651.

Elin Fjola Thorarinsdottir, **Ólafur Arnalds** 2012. Wind erosion of volcanic materials in the Hekla area, South Iceland. *Aeolian Research*, 4, 39-50.

Ólafur Arnalds, Fanney Osk Gísladóttir and Berglind Orradóttir 2012. Determination of aeolian transport rates of volcanic soils in Iceland. *Geomorphology*, 167-168, 4-12.

Kaisa Wallenius, Kaisa Lappi, Anu Mikkonen, Annika Wickström, Anu Vaalama, **Taru Lehtinen**, Leena Suominen 2012. Simplified MPN method for enumeration of soil naphthalene degraders using gaseous substrate. *Biodegradation*, 23, 47–5.

Jim Rasmussen, **Thórey Gylfadóttir**, Ralf Loges, Jørgen Eriksen, and **Áslaug Helgadóttir** 2012. Spatial and temporal variation in N transfer in grass-white clover mixtures at three Northern European field sites. *Soil Biology and Biochemistry*, 57, 654-662.

Úlfur Óskarsson 2012. Effectiveness of five fungal isolates as mycorrhizal inoculants of birch seedlings. *Icelandic Agricultural Sciences*, 25, 3-11.

Þorvaldur Árnason, **Elsa Albertsdóttir**, W.F. Fikse, S. Eriksson, **Ágúst Sigurðsson** 2012. Estimation of genetic parameters and response to selection for a continuous trait subject to culling before testing. *Journal of Animal Breeding and Genetics*, 129, 50-59.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Atli Már Ingólfsson	Lögfræðingur
Auður Sveinsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B. Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Verkefnisstjóri
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrekter rannsóknamála
Berglind Orradóttir	Lektor
Birna Kristín Baldursdóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrekter kennslumála
Bragi Líndal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristína Berglund	Sérfræðingur
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Elsa Albertsdóttir	Sérfræðingur
Emma Eyþórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Brynja Bárðardóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnar Reynisson	Kennari
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Ásgeirsson	Umsjónarmaður fasteigna
Halldór Sverrisson	Lektor
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Haukur Þórðarson	Kennari
Heiða Aðalsteinsdóttir	Aðjúnt
Heiðar Örn Jónsson	Ræstitæknir
Heimir Gunnarsson	Kennari
Helena Guttormsdóttir	Lektor
Helgi Gissurarson	Starfsmaður hestamiðstöðvar
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Dósent

Nafn	Starfsheiti
Hrafnkell Á. Proppé	Aðjúnt
Ingibjörg Sigurðardóttir	Sérfræðingur
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður
Jóhanna M. Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent, deildarforseti
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Gíslason	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Dósent
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kári Aðalsteinsson	Garðyrkjustjóri
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Lárus Stefán Ingibergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Magnus Göransson	Doktorsnemi
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Már Guðmundsson	Umsjónarmaður útisvæða
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor, deildarforseti
Peik Malmo Bjarnason	Sérfræðingur
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur H. Sigurðardóttir	Verkefnisstjóri
Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Aðjúnt
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Rannveig Anna Guicharnaud	Lektor, í leyfi
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúnt
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor, brautarstjóri
Sigtryggur Veigar Herbertsson	Aðjúnt
Svava Brynja Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Fulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Vigdís Guðjónsdóttir	Tölvuumsjónarmaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Doktorsnemi
Þorvaldur Tómas Jónsson	Rekstrarstjóri
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Doktorsnemi
Þórný Hlynsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Verkefnisstjóri

Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 1. júní 2012

Ávarp rektors

Útskriftarnemar, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er áttunda vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Upp er runninn bjartur hátíðisdagur – útskriftardagur nemenda.

Á þessu vori eru það 109 sem brautskrást – fleiri en nokkru sinni.

Vissulega er bjart yfir brautskráningardegi ykkar, kæru nemendur, en því er þó auðvitað ekki að neita að saman blandast gleði yfir náðum áfanga og tregi því nú skiljast leiðir. Eitt fjall hefur verið klifið, og við sjáum topp á öðru sem er þá næsta verkefni. Það lokast einar dyr og aðrar opnast. Tækifærin eru alls staðar – það er bara að grípa þau. Þetta er dagur spennandi breytinga.

Þjóðskáldið snjalla frá Fagraskógi kvað svo um breytingar – einn kemur þá annar fer:

*Það heldur allur fjöldinn, sem hefur mörgu að sinna,
að hætta sé á ferðum, ef breytt er gömlum sið,
að gæfa heimsins hvíli á verkum sem þeir vinna,
og vonlaust sé um allt - ef þeirra missti við.*

Kannski er hann hér að lýsa trega okkar starfsmanna og kennara sem nú sjáum á eftir ykkur út í lífið eftir góð kynni og samstarf um hríð. Við eigum erfitt með að sleppa af ykkur hendinni.

Breytingar eru og verða óhjákvæmilegar. Stofnun á borð við LbhÍ þarf á breytingum að halda. Þær eru aflvaki nýrra tíma og framfara. Auðvitað er sjaldan ráð að breyta breytinganna vegna – en ný þekking, nýir straumar krefjast þess að við séum opin gagnvart umhverfi okkar. Nýjar áherslur í kennslu og rannsóknnum munu líta dagsins ljós. Nýir nemendur munu innritast og sum ykkar aftur í áframhaldandi nám – við tökum gleði okkar á ný. Þið sem ljúkið hér í dag settum áfanga hafið breyst. Þið hafið aflað ykkur þekkingar sem skapar ykkur ný tækifæri og möguleika til að takist á við lífið með breyttum hætti.

*Lífið yrkir þrotlaust ... en botnar aldrei braginn,
en breytir fyrr en varir um rím og ljóðaklið.*

Starfið á liðnu skólaári hefur gengið vel enda erum við heppin með nemendur og starfsfólk leggur sig fram við sín verk hvort sem þau snúa að kennslu, rannsóknum eða þjónustu við þessi tvö meginviðfangsefni skólans. Einkenni á skólastarfinu þessi misserin er aukið samstarf við aðra skóla innanlands sem utan.

Fyrir tveimur árum var hleypt af stokkunum verkefni að tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðherra sem ber heitið Samstarfsnet opinberra háskóla. Þátttakendur eru HÍ, HA, Hólaskóli-Háskólinn á Hólum og LbhÍ. Þetta verkefni miðar að auknu samstarfi þessara skólastofnana með það að leiðarljósi að efla og styrkja starfsemina auk þess að nýta eins vel og unnt er það sem úr er að spila. LbhÍ hefur tekið þátt í starfsemi samstarfsnets opinberu háskólanna af miklum krafti frá fyrsta degi. Starfsfólk skólans hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga og lagt á sig verulega vinnu við að koma sameiginlegum verkefnum áfram. Mikilvægir þættir í þessu verkefni lúta að stoðþjónustu og tæknimálum sem leysa má mun betur með samvinnu en því að skólarnir séu hver um sig að byggja upp sín eigin kerfi. Við sjáum í því mikil tækifæri til framfara bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Á vegum samstarfsnetsins hafa einnig komið til sérstakir hvata- og þróunarstyrkir til að liðka enn frekar fyrir auknu samstarfi. Með þeim hafa m.a. farið af stað sameiginlegar námsleiðir og samkennsla í

ákveðnum greinum. Þetta hefur skipt miklu máli og stuðlað að samvinnu sem að okkar mati á eftir að skila góðu starfi. Þá hefur orðið til samningur milli skólanna um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum – þetta er gríðarlega mikilvægt atriði og mikið hagsmuna mál fyrir nemendur okkar. Ég tel að við eigum að leggja mikla rækt við þetta samstarfsnet og það sé í raun ákveðinn lykilla að framförum á þessu skólastigi hér á landi.

Verkefni okkar sem störfum og nemum hjá LbhÍ eru fjölbreytt og mætti setja á langa tölu um hver þau eru. Sífellt verða til hugmyndir að nýjum rannsóknaverkefnum og sum þeirra ná að verða að veruleika. Þannig er eðli skólans sem vísindastofnunar. Gaman væri að nefna mörg slík verkefni og benda á mikilvægi þeirra en til þess gefst ekki rými hér. Ég vil þó við þetta tækifæri sérstaklega nefna tvö verkefni sem hafa verið áberandi í okkar vinnu undanfarin misseri. Annars vegar er það nýtt verkefni sem okkur var fengið nú um síðustu áramót þegar Hagþjónusta landbúnaðarins var lögð niður og verkefni hennar færð til LbhÍ. Sú breyting verður vonandi til þess að við getum sinnt betur þessari hlið í okkar skólastarfi, sérstaklega hvað hagrannsóknir varðar. Hitt verkefnið sem ég vil gera hér að umtalsefni er Orkusetur landbúnaðarins sem nú er komið í forgang á okkar verkefnalista.

Með hækkandi eldsneytisverði, fyrirsjáanlegri minnkun á framboði og aukinni meðvitund um hlýnun jarðar og nauðsyn þess að bregðast við, hefur orðið mikil gróska í alls konar orkuvinnslu bæði úr lífrænum orkugjöfum og öðrum uppsprettum. Margir aðilar eru þegar að vinna að verkefnum á þessu sviði og bændur hafa sýnt þessu mikinn áhuga. Ekki má gleyma því að margir bændur nýta sér vistvæna orkugjafa við búreksturinn til lýsingar og upphitunar og nægir að nefna jarðhita, virkjun bæjarlækja og vindorkuna. Færri hafa nýtt sér þær leiðir sem lífrænu orkugjafarnir bjóða enn sem komið er. Sumar þessara leiða kunna að henta vel í íslenskum landbúnaði aðrar miður, en úr því fæst ekki skorið nema kostir og gallar hvernig og einnar verði skoðaðar í því samhengi.

Hjá LbhÍ hefur á síðustu árum verið unnið að allmörgum verkefnum tengdum orkumálum í samstarfi við ýmsa aðila en það er mjög ánægjulegt að margir sækjast eftir að vinna með okkur á þessu sviði. Nú er svo komið að okkur finnst mál til komið að slá í klárinn og einbeita okkur betur að þessu sviði og í því skyni erum við nú að hleypa af stokkunum Orkusetri landbúnaðarins í samstarfi við Orkustofnun, BÍ og marga fleiri. Þessu setri er ætlað að vera samstarfsveitvangur þeirra aðila sem vilja vinna að rannsóknum, innleiðingu og þróun aðferða við orkuvinnslu og orkunýtingu í landbúnaði. Með því að stofna Orkusetur landbúnaðarins er ætlunin að setja kraft í málaflokkinn og blása til samstöðu og samvinnu um þau brýnu verkefni sem framundan eru.

Eitt af hlutverkum Orkusetursins mun vera að stuðla að eflingu rannsókna á þessu sviði bæði með því að setja af stað rannsóknarverkefni í eigin nafni og að bjóða fram aðstöðu og stuðning við verkefni annarra t.d. nemendaverkefna. Byggð verður upp aðstaða til rannsókna og kennslu á sviði orkuvinnslu og orkunýtingar. Þessi aðstaða verði þeim sem að setrinu standa og öðrum sem eftir því sækjast til afnota. Aðstaða Orkusetursins verði einnig nýtt sem framlag í erlendu samstarfi.

Allt er þetta liður í að gera íslenskan landbúnað sjálfum sér nógan á sem flestum sviðum og leggja lið í þeim orkuskiptum sem þjóðin stendur frammi fyrir á næstu árum.

Nú í vetur var gengið frá samningi milli skólans og miðstöðvar framhaldsnáms við HÍ. Þessi samningur markar tímamót í rekstri framhaldsnáms við LbhÍ og er mikilvægur áfangi í að tryggja stöðugleika og gæði í öllu viðmóti við nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við skólann. Er þetta fyrsti samningur af þessu tagi hérlendis en líklegt er að fleiri fylgi í kjölfarið. Gæðamálin eru annars mjög fyrirferðamikil í öllu okkar starfi. Þannig erum við mjög virkir þátttakendur í innleiðingu á nýju gæðakerfi fyrir íslenska háskólastigið og erum nú að undirbúa okkur fyrir reglubundnar úttektir á öllu okkar starfi í samræmi við skipulag í þeim efnum sem sett er af hinu nýja gæðaráði háskólanna.

Gæðaráðið er einvörðungu skipað þrautreyndum sérfræðingum á þessu sviði sem allir koma raunar erlendis frá.

Ég nefndi hér í upphafi að á þessu vori brautskrást fleiri nemendur en nokkru sinni fyrr í samanlagðri sögu skólans. Hópurinn er þó í rauninni mun stærrí því inni í þeirri tölu eru ekki hinn fjölpjóðlegi hópur sem árlega útskrifast úr Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sem við rekum í samstarfi við Landgræðsluna, Utanríkisráðuneytið og Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Inni í þeirri tölu er heldur ekki hinn glæsilegi og sístækkandi hópur nemenda sem sækir námskeið og námskeiðslínur á vegum Endurmenntunar LbhÍ og útskrifast á öllum árstímum. Heildarfjöldi nemenda þar nálgast nú 3000 á ári hverju.

Ágætu tilheyrendur:

Íslenska er okkar mál

Vorið 2010 hvatti Katrín Jakobsdóttir ráðherra mennta- og menningarmála alla háskóla landsins til að setja sér málstefnu. Leiðarljósið væri að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu og tryggja að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. LbhÍ tók strax þessari brýningu og þá um haustið var ákveðið að hefjast handa við smíði slíkrar stefnu og var meðal annars unnið með hugmyndir á fundum starfsmanna og á sérstöku málþingi. Endanleg tillaga var síðan lögð fyrir háskólaráð og samþykkt síðasta haust.

Í hnotskurn er stefnan þessi:

Lýsa yfir að íslenska sé opinbert mál

Kenna á íslensku í grunnnámi

Rækta iðorðastarf

Hvetja til fræðilegra skrifa á íslensku

Kynda undir áhuga á íslensku máli

Vísa á leiðir til náms í íslensku

Vanda til verka

Og þetta síðastnefnda er kjarni stefnunnar: Að vanda okkur. Eitt af þeim atriðum sem stefnan kveður á um er að árlega skuli veita viðurkenningu þeim nemanda sem skilað hefur lokaverkefni á afgerandi góðri íslensku. Nú er komið að því að framfylgja þessu ákvæði – meira um það síðar hér í dagskránni. Saman berum við Íslendingar mikla ábyrgð gagnvart móðurmáli okkar – framtíð þess er í okkar höndum.

Kæru tilheyrendur:

Íslendingar gera miklar og réttmætar kröfur til Landbúnaðarháskóla Íslands. Það er á stundum erfitt að standa undir þeim en það er hægt - enda býr skólinn að góðu starfsfólki sem hefur sýnt það og sannað að það er tilbúið til að leggja ótrúlega mikið á sig.

Innan veggja LbhÍ hefur um árabíl verið lögð á það áhersla að nemendur öðlist þá þekkingu sem dugi þeim í starfi - en um leið hefur verið gerð krafa um að þeir vaxi af þessari þekkingu. Landbúnaðarháskóli Íslands leggur meira upp úr því að fólk viti hvað er á milli spjalda í einni bók en kunni titlana á tíu. Það heyrir fljótt ef skelin er hol.

Það skiptir verulegu máli að nemendur fái að takast á við verkefni á fjölbreyttan hátt og hana þarf að krydda með eigin athugunum. Reynslan er dýrmæt. Það versta sem getur komið fyrir nemanda er að taka öllu sem gefnu sem við hann er sagt. Galdurinn við nám felst í því að athuga, spyrja og temja sér gagnrýna en yfirvegaða hugsun.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um árabil spennt beltið fastar en hollt getur talist. Þegar stjórnvöld sameinuðu nokkrar stofnanir og stofnuðu Landbúnaðarháskóla Íslands var það gert í því skyni að búa til sterka einingu sem gæti siglt í fararbroddi landbúnaðarvísinda og boðið upp á úrvals menntun á þessu sviði.

Vandinn fólst í því að um leið og barnið var búið að heiman gleymdist að láta nesti í körfuna. Það er von okkar að yfirstandandi samningar við stjórnvöld um lausn í þeim efnum boði breytta og betri tíma í rekstrarlegu tilliti. Okkar ósk er einfaldlega að geta haldið áfram því góða og mikilvæga uppbyggingarstarfi sem stundað hefur verið og fá til þess sanngjarnar aðstæður.

Okkar stóra gæfa er að meðal starfsmanna og nemenda Landbúnaðarháskóla Íslands ríkir góður andi, hæfileg blanda af þrautseigju, bjartsýni og frumkvæði til góðra verka.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólaráði, hollvinum og öllum samstarfsaðilum frábært starf á liðnu skólaári.

Starfsmenn kveðja og nýir starfsmenn taka til starfa. LbhÍ hefur ávallt verið heppinn með sitt starfsfólk, duglegt og ósérhlífið sem hefur borið hag skólans fyrir brjósti. Mér þykir tilhlýðilegt að nefna nöfn tveggja starfsmanna skólans sem láta nú af störfum fyrir aldurs sakir. Þetta eru þau Magnús B. Jónsson og Steinunn Ingólfssdóttir fyrrum skólastjóra hjón hér á Hvanneyri. Þau hafa lengi starfað fyrir LbhÍ og voru um árabil í forstöðu skólastarfs á Hvanneyri. Ég vil fyrir hönd LbhÍ nota þetta tækifæri og þakka þeim fyrir langa og tryggja samfylgd og óska þeim báðum gæfu og lífsgleði við ný og spennandi verkefni.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að færa öllum velunnurum og hollvinum skólans góðar kveðjur og þakkir. Það líður vart sú vika, vor og sumar að ekki komi í heimsókn hópar fyrrum nemenda, því fylgja skemmtilegir endurfundir og er mikilvægur hluti skólastarfsins.

Skólinn nýtur velvildar víða og margir sem bera til hans traust. Ég vil nota þetta tækifæri og tilkynna þau gleðitíðindi að Geirlaug Þorvaldsdóttir hefur óskað eftir því að skólinn taki við vörslu og nýti í þágu verkefna skólans sjóð sem stofnaður var af foreldrum hennar á sínum tíma og nefnist Framfarisjóður Ingibjargar og Þorvaldar í Síld og Fisk. Þau voru frumkvöðlar í matvælaframleiðslu og ferðapjónustu á Íslandi og það er LbhÍ mikill heiður að taka við þessu verkefni og sjá til þess að nýta til góðra verka í anda þessara heiðurshjóna. Geirlaug mun gera frekari grein fyrir þessari ánægjulegu ákvörðun hér á eftir.

Kæru útskriftarnemar:

Það er komið að vatnaskilum. Nú er runninn upp dagur sem var svo óralangt í burtu þegar þið knúðuð fyrst dyra. Nú gefst ykkur tækifæri að halda út, leita og uppgötva.

Undanfarin ár hafa ekki verið auðveld íslenskri þjóð en nú virðist vera að rofa til. Sólargeislana verðið þið að nýta svo vel sem þið getið. Minnst þess að í einfaldleikanum býr meiri viska og betra líf, en í hégómanum sem um langt skeið villti þjóðinni sýn.

Í mal ykkar er gott nesti frá LbhÍ. Notið það vel og skynsamlega.

Ykkur öllum nemendum okkar nú um stund fylgja góðar óskir. Við- starfsfólk Landbúnaðarháskóla Íslands- erum fullviss um að þau verðmæti í formi þekkingar sem þið hafið nú eignast munu reynast ykkur vel.

– Sumarið bíður, lífið er indælt og fullt af tækifærum.

Til hamingju með áfangann!

Til hamingju með daginn!

Ágúst Sigurðsson